

Erindi: Miðbær deiliskipulag, endurskoðun, málsnr. 1706036.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 9. janúar sl. var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

“1706356 - Miðbær, deiliskipulag, endurskoðun

Miðbæjarskipulag Hafnarfjarðar tekið til umræðu að nýju en það er að grunni til frá 2001 með seinni tíma breytingum. Afmörkun miðbæjarins er svæði sem afmarkast af Víkingastræti, Suðurgötu, Strandgötu og allt að safnahúsum við Vesturgötu.


Til umfjöllunar.

Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að koma með tillögu að framhaldi verksins.”

Til grundvallar þessarar vinnu er höfð hliðsjón af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, gildandi deiliskipulag “Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001” og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar Skipulagsmörk hafa ekki verið ákveðin. Eðlilegt er að tengsl miðbæjarins við aðliggjandi hverfi verði skoðuð m.a. út frá þróun byggðar undanfarna áratugi, hugmynda um bættar almenningssamgöngur, samkeppnissvæðisins við Flensborgarhöfn og þróunar og uppbyggingar á suðurhafnarsvæði.

Til að leggja grunn að markmiðs settningu og fá víðari framtíðarsýn hafa verið ráðnar þrjár arkitektastofur til humynda- og tillöguvinnu að framtíðar sýn á miðbæ Hafnarfjarðar. Hugmyndavinnu þeirri verður skilað 19. feb. n.k.

Eftirfarandi arkitektastofur munu skila inn humynda- og tillöguvinnu:





HAFNARFJÖRÐUR

- Fyrirhugað er að eftir kynningu í ráðum, verði haldinn almennur (ir) kynningarfundur(ir) fyrir bæjarbúa.
- Hugmyndavinna kynnt í bæjarblöðum.
- Opnuð verði heimasíða, þar sem gögn liggja frami og að bæjarbúum gefist kostur til að koma á framfæri eigin hugmyndum og tillögum.
- Ráðin verði verkefnastjóri verkefnisins.
- Úr framkomnum hugmyndum og tillögum verði unnin samkeppnislýsing.
- Opin samkeppni í samræmi við reglur AÍ.
- Unnin Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag byggt á niðurstöðu samkeppninar.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.